

UMSÓKN UM AÐ HALDA ÖLDUNGAMÓT BLÍ

Til að umsóknin sé gild þarf að fylla **ALLA** reiti út og senda umsóknina til BLÍ og mótshaldara með pósti á bli@bli.is og oldungur@blak.is amk. 21 degi fyrir næsta mótssdag.

Mótsgjald skal staðfesta a.m.k fimm mánuðum fyrir setta mótsdaga.

Öldungur; Andri Hnikarr Jónsson

Blakfélag; Völsungur með aðstoð frá Eflingu, Fjöðrum, Mývetning og Snerti

Mótsdagar; 29. Apríl – 1. maí

Fjöldi blakvalla; 12 - 15 vellir

Staðsetning valla/íþróttahúsa;

Alls 12-13 vellir

5 staðsettir á Húsavík (4 í íþróttahúsinu og 1 í grunnskólanum) og 7 vellir í nágrenninu (1 í Ýdölum (18 km) – 2 á Laugum (39 km) – 1 í Reykjahlíð (54 km) - 1 á Stórutjörnum (55 km) – 1 í Heiðabæ (10 km) og 1 í Ljósvetningabúð (40 km))

Vil vara: 2 vellir í Reiðhöllinni og 1 völlur í vöruskemmu GPG (BLÍ dúkur) og 1 í Skjólbrekku í Mývatnssveit.

Hefur umækjandi haldið öldungamót áður? JÁ Síðast árið _2022 Með KA_ NEI

Lokahóf fer fram í reiðhöllinni, alvöru sveitaball og þar rúmast ca. 1000 matargestir.

Er boðið uppá barna –og/eða unglिंगastarf hjá viðkomandi blakfélagi? JÁ NEI

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri;

BACK TO THE FUTURE

Öldungamót sem flytur okkur aftur til gamla góða tímans þegar haldin voru blakmót á minni stöðum. Hver man ekki eftir frábærum mótum á Ísafirði, Sigló og Ólafsvík.

Upplifum nostalgíuna við að spila í íþróttahúsum í litlu sveitaskólunum úti á landi, spila lengra fram á kvöldið á Húsavík með partyíð í fullum gangi á efri hæðinni í íþróttahúsinu á sama tíma og alvöru fjör á pöllunum. Skellum síðan upp alvöru sveitaballi beint eftir mót, ullarpeysur og kúrekahattar, þar sem seldir eru hamborgarar og pylsur í veislu- og partytjöldum fyrir utan reiðhöllina. Þannig á alvöru öldungamót að vera. 🍷🍺



Völsungur verður 100 ára árið 2027 og því verður allt kapp lagt á að gera BACK TO THE FUTURE eins eftirminnilegt og skemmtilegt og nokkur kostur er! Öll félög sem munu aðstoða Völsung við framkvæmdina starfrækja barnastarf núna í vetur með einhverjum hætti (Þingeyingur á Kópaskeri hóf námskeið núna á vorönn með von um áframhaldandi starf næsta vetur. Þingeyingur er sameinað félag af ungmennafélögunum Snerti, Öxfirðingum og Leif Heppna). Mývetningur og Efling halda úti æfingum fyrir allan grunnskólaaldur með sameiginlegan þjálfara og Fjarðir eru með blakæfingar fyrir unglíngastig í vetur en hafa líka starfrækt æfingar fyrir yngri iðkendur þegar aðstæður hafa verið til þess.

Það er von okkar að þátttaka þeirra í framkvæmdinni ýti frekar undir möguleika þessara minni félaga til að keyra gott og öflugt barna- og unglíngastarf í framtíðinni. Mikið af blakfólki í gegnum tíðina hefur einmitt komið frá þessum félögum/stöðum og því mikilvægt að við hjálpum þessum félögum setja kraft í blakið innan sinna raða.

Staður / Dagsetning; Húsavík 10.04.2025

Staðfesting formanns blakfélags;

Þórunn Harðardóttir

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórunn A.' with a stylized flourish at the end.